



# Konur af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði

Rannsóknarverkefni á vegum Starfsgreinasambands Íslands

## Efnisyfirlit

Formáli framkvæmdarstjóra SGS.....	3
Formáli rannsakanda .....	3
Inngangur .....	4
Aðferðafræði .....	5
Þátttakendur rannsóknarinnar.....	5
Hópviðtölin og greining þeirra .....	6
Niðurstöður .....	7
Munurinn á milli Íslands og heimalandsins.....	7
Tengingin við íslenskt samfélag.....	8
Fordómar, óöryggi og einangrun.....	9
Íslenskunámskeið.....	9
Stéttarfélögin.....	10
Flóttakonur.....	11
Umræður og lokaorð .....	13
Heimildaskrá .....	15

## Formáli framkvæmdarstjóra SGS

Innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands er sístækkandi hópur fólks af erlendum uppruna enda hefur þörf fyrir vinnandi hendur á Íslandi aukist gríðarlega hin síðari ár. Stéttarfélögin hafa í auknum mæli þýtt efni yfir á ensku og pólsku og er til dæmis allt kynningarefni í tengslum við kjarasamninga og atkvæðagreiðslur um þá aðgengilegt á að minnsta kosti þremur tungumálum.

Þegar #metoo-sögur kvenna af erlendum uppruna litu dagsins ljós kom berlega fram að konur í þessum hópi eru meðal þeirra valdaminnstu á vinnumarkaði og auðveldast að misbeita valdi gegn þeim. Það var því bráðnauðsynlegt að skoða betur þennan hóp, athuga hvernig þær koma inn á vinnumarkaðinn og við hvaða skilyrði þær starfa. Ekki síst þurfa stéttarfélögin að vita hvernig best sé að koma upplýsingum til þessa hóps og hvaða aðstoð kemur hópnum best. Sem betur fer tóku nokkur aðildarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS) vel í hugmyndina og jafnframt að fjármagna þessa rannsókn bæði úr sjóðum SGS og með myndarlegu framlagi frá Eflingu. Eining-löja og Báran stéttarfélag lögðu einnig sinn skerf til rannsóknarinnar og fyrir það ber að þakka.

Rannsóknin staðfesti margt, sem við höfum talið okkur vita, en varpar líka ljósi á þætti sem stéttarfélögin verða að taka til sín. Þar má helst nefna mikilvægi trúnaðarmannsins, hvernig staðið er að íslenskunámskeiðum, að leggja beri meiri áherslu á tölvunámskeið og ekki síst þýðingar og útgáfu upplýsinga á fleiri tungumálum en íslensku. Þá er ljóst að við verðum að finna leiðir til að meta menntun þeirra sem koma erlendis frá til að vinna hér á landi; til dæmis að bjóða upp á raunfærnimat í auknum mæli. Rannsóknin sýnir þó að stéttarfélögin hafa þjónað þessum hópi ágætlega, alla vega þeim sem vissu af tilvist félaganna og eru í föstu ráðningarsambandi.

Rannveig Gústafsdóttir hefur unnið þetta verkefni af mikilli fagmennsku og áhuga og mun niðurstaða rannsóknarinnar koma stéttarfélögum um allt land til góða. Ég færi henni mínar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

### Drífa Snædal

*fyrirverandi framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands*

## Formáli rannsakanda

Þann 5. október 2017 kom út grein í New York Times sem fjallaði um Harvey Weinstein kvikmyndaframleiðanda. Í greininni sagði frá því hvernig hann hefur áreitt konur kynferðislega og beitt þær ofbeldi innan skemmtanaíðnaðarins undanfarna þrjá áratugi (Kantor og Twohey, 2017). Í kjölfarið fór af stað bylting undir nafninu „#metoo“ eða „#églíka“ þar sem hópar kvenna á vinnumörkuðum, starfandi í mismunandi starfsgreinum, stigu fram og sögðu frá kynferðislegri áreitni og alvarlegu ofbeldi sem þær höfðu þurft að þola sem launafólk (Cobb og Horeck, 2018). Þessi bylting gerði einnig vart við sig á Íslandi og meðal þeirra kvenna, sem stigu fram og sögðu sögur sínar, voru konur af erlendum uppruna. Í yfirlýsingu þeirra sagði:

Frásagnir kvenna af erlendum uppruna eru ofnar úr fordómum, mismunum, markvissu niðurbroti, vanrækslu, útilokun og misnotkun. Margar okkar hafa upplifað það að hafa verið yfirgefnar og einangraðar af hálfu þeirra sem þær treystu. Með því að sameinast um frásagnir hafa augu okkar hins vegar opnast fyrir því að samfélagið hefur um langa hríð snúið blinda auganu að ýmsu misjöfnu sem átt hefur sér stað gagnvart konum af erlendum uppruna. Framkomu sem hefur leitt til þess að margar okkar upplifa sig ekki öruggar og að mörgum okkar finnst við ekki eiga sama rétt til verndar, aðstöðu og réttinda í íslensku samfélagi (Ritstjórn Kjarnans, 2018).

Í kjölfar yfirlýsingarinnar vildi Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, rannsaka hvernig stéttarfélögin á Íslandi gætu stutt betur við konur af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði og jafnframt athuga hver staða þeirra væri á vinnumarkaðnum.

Rannveigu Gústafsdóttur, meistaraneima í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri, var falin verkefnastjórnun og sá hún um framkvæmd rannsóknarinnar og ritun þessarar skýrslu. Rannsóknin byggist á viðtölum við rýnihópa sem samanstöðu af konum af erlendum uppruna og starfa á Íslenskum vinnumarkaði. Rannsóknin og greining hópviðtalanna fór fram á sumar- og haustmánuðum ársins 2018.

Sérstakar þakkir fá viðmælendur rannsóknarinnar og starfsfólk þeirra stéttarféлага sem veittu aðstoð við framkvæmd rannsóknarinnar.

### Rannveig Gústafsdóttir

*verkefnastjóri*

## Inngangur

Konur og karlar hafa lengi vel barist fyrir auknu jafnrétti á vinnumarkaðnum þannig að framlag kvenna njóti sömu viðurkenningar og framlag karla en með „#ég líka“-byltingunni varð ljóst að ranglætið sem konur hafa þurft að þola á vinnumarkaði er mun meira. Þetta eru ekki aðeins nokkrir karlmenn sem kynferðislega áreita eða beita konur ofbeldi á vinnumarkaðnum heldur er þetta samfélagslegt vandamál þar sem valdaójafnvægi kynjanna og kúgun ráða ríkjum.

Innan sumra vinnustaða hefur þróast ákveðin vinnustaðarmenning þar sem óæskileg hegðun gagnvart konum, og á tímum körlum, er leyfð og viðurkennd (Kensbock, Bailey, Jennings og Patiar, 2015). Eins og það er mikilvægt að lögsækja gerendur sem kynferðislega áreita og beita einstaklinga ofbeldi innan vinnustaða mun það eitt og sér ekki breyta þeirri menningu sem hefur fest sig í sessi á vinnumörkuðum (McDonald, 2012).

Minnihlutahópar, og þá sér í lagi konur af erlendum uppruna, eiga á frekari hættu að verða fyrir áreitni á vinnumarkaðnum. Með því að styrkja þessar konur við að fóta sig í nýju samfélagi þannig að þær nái betri árangri við að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaðnum minnka líkurnar á að þær verði fyrir áreitni á vinnumarkaðnum (Fielden, Davidson, Woolnough og Hunt, 2010).

Samkvæmt tölum Hagstofunnar störfuðu um 194.000 einstaklingar á íslenskum vinnumarkaði í janúar 2018 og tilheyrðu 79% þeirra stéttarfélagi. Auk þess var hlutfall innflytjenda 17,2% af heildarvinnuafli á vinnumarkaðnum (Ríkissáttarsemjari, e.d.; Hagstofa Íslands, 2018). Rannsóknir hafa sýnt að innflytjendur á Íslandi hafa ekki aðeins stutta viðveru í huga til þess eins að vinna sér inn peninga heldur vilja þeir setjast að hér á landi í þeirri von að geta skapað sér nýtt líf (Þorgerður Einarsdóttir, Thamar M. Heijstra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2018). Niðurstöður rannsóknar Unnar Dísar Skaptadóttur (2010), sem fjallaði um filippseyska innflytjendur, sýndu að filippseyskir innflytjendur flytja ekki aftur til Filippseyja heldur setjast þeir að hér á landi.

Stéttarfélögin á Íslandi hafa stóru hlutverki að gegna á íslenskum vinnumarkaði, þau standa vörð um réttindi launafólks og vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna. Samsetning félagsmanna stéttarfélaganna hefur breyst í takt við þær samfélagslegu breytingar sem hafa átt sér stað undanfarin tuttugu ár og hafa stéttarfélögin aukið þjónustu sína í samræmi við þessar breytingar. Til að mynda styrkja stéttarfélögin félagsmenn sína til þátttöku í hinum ýmsu námskeiðum, eins og t.d. íslenskunámskeiðum. Samkvæmt íslenskum rannsóknum, þar sem fjallað er um innflytjendur, er íslenskukunnátta grunnurinn að því að innflytjendur nái að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Niðurstöður rannsóknar Þóru Christiansen og Erlu S. Kristjánsdóttur (2016), sem þær framkvæmdu meðal háskólamenntaðra innflytjenda á Íslandi, sýndu að þrátt fyrir að sumir þátttakendanna hefðu mikla starfsreynslu frá heimalandinu og frá löndum utan heimalandsins fannst þeim samningsstaða sín á íslenskum vinnumarkaði vera veik. Þátttakendum fannst lítil íslenskukunnátta draga úr starfsmöguleikum sínum einkum vegna erfileika við að mynda tengslanet á Íslandi.

Í eftirfarandi skýrslu er fjallað um rannsókn á líðan kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Auk þess var í rannsókninni lögð sérstök áhersla á að kanna hvort stéttarfélögin geti stutt þessar konur frekar og styrkt stöðu þeirra á vinnumarkaðnum.



## Aðferðafræði

Til þess að svara rannsóknarspurningunum var stuðst við eigindlega rannsóknaraðferð sem m.a. felst í myndun rýnihópa. Helsta ástæðan fyrir því að þessi aðferð varð fyrir valinu er sú að það skapar öryggis-tilfinningu hjá þátttakendum að tilheyra hóp en það getur reynst mjög erfitt að ná til og fá til þátttöku einstaklinga sem tilheyra minnihlutahópum eins og á við í þessu tilfalli. Helsti vankantur við rýnihópa er að einn viðmælandi getur yfirgæft hina í hópnum. Rannsakandi hafði því sérstakar gætur á því að hver viðmælandi hefði tækifæri til þess að svara þeim spurningum sem voru bornar upp (Sóley S. Bender, 2013).

## Þátttakendur rannsóknarinnar

Til þess að nálgast þátttakendur var haft samband við aðildarfélag Starfsgreinasambandsins og reyndust þrjú stéttarfélag vera tilbúin að taka þátt í rannsókninni. Tvö stéttarfélaganna höfðu samband við trúnaðarmenn á vinnustöðum þar sem þeir voru í aðstöðu til þess að nálgast erlendar konur og óska eftir þátttöku þeirra í rannsókninni. Þriðja stéttarfélagið hafði samband við Rauða kross Íslands sem – fyrir hönd stéttarfélagsins – óskaði eftir þátttöku flóttakvennanna sem voru meðal þátttakenda.

Rýnihóparnir voru alls fjórir. Einn hópur var myndaður á Norðurlandi og hann samanstóð af fimm pólskum konum. Hinir þrír rýnihóparnir voru staðsettir á Suður- og Suðvesturlandinu en í einum þeirra voru þrjár konur frá Tælandi, í öðrum voru tvær konur frá Filippseyjum og í þeim þriðja fjórar konur frá Sýrlandi.

Viðmið við myndun rýnihópanna voru eftirfarandi:

- Þrjár til fimm konur af erlendum uppruna sem eru af sama þjóðerni.
- Konur sem gegndu láglau nastörfum á vinnumarkaðnum eða gegndu störfum þar sem ekki var krafist menntunar.
- Konurnar þurftu ekki að koma af sama vinnustað.

Til þess að komast hjá öllum misskilningi var túlkur til staðar í öllum viðtölunum.

### **Pólski rýnihópurinn**

Í fyrsta rýnihópnum voru fimm konur og tengdust þær allar á einhvern hátt áður en þær komu til Íslands. Tvær kvennanna, sem voru á fimmtugsaldri, höfðu verið á Íslandi í fimm ár eða lengur ásamt pólskum eiginmönnum sínum. Þær fengu dætur sínar til sín frá Póllandi og voru þær einnig hluti rýnihópsins. Dæturnar voru á þrítugsaldri, önnur þeirra var gift og bjó með pólskum eiginmanni sínum en hin bjó hjá foreldrum sínum. Fimmta kona rýnihópsins var einnig á þrítugsaldri, hún var einnig gift pólskum manni. Yngri konurnar höfðu verið búsettar á Íslandi í eitt til tvö ár. Þrjár kvennanna höfðu menntun umfram grunnskólapróf en aðeins ein nýtti menntunina í sínu starfi. Þær störfuðu allar við fiskvinnslu hjá sama fyrirtækinu og var þetta fyrsta starf allra kvennanna á Íslandi. Sú fyrsta, sem hóf störf þar fyrir rúmum fimm árum, heyrði af starfinu í gegnum pólska vinkonu sem var búsett í öðru bæjarfélagi. Ástæða flutnings kvennanna til Íslands var það sem þær kalla „fjármunaleit“ eða atvinnuleit. Þær langaði að eignast sína eigin fasteign í Póllandi en mjög erfitt gat reynst að fjármagna kaupin með vinnu í Póllandi. Þær sögðu því veru sína á Íslandi vera tímabundna.

### **Tælenski rýnihópurinn**

Konurnar í öðrum rýnihópnum voru þrjár talsins. Þær kynntust eftir að þær fluttu til Íslands og störfuðu allar við fiskvinnslu á sama vinnustað. Konurnar voru á mismunandi aldri, þ.e. á þrítugsaldri, fertugsaldri og sextugsaldri. Þær sem voru á þrítugsaldri og fertugsaldri höfðu verið í þrjú og fimm ár á Íslandi en elsta kona hópsins hafði verið búsett á Íslandi í yfir 30 ár. Allar konurnar voru giftar íslenskum mönnum og komu til Íslands með þeirra aðstoð. Ástæða komu þeirra til Íslands var leit að betra lífi og voru þær því alltaf ákveðnar í að setjast að á Íslandi. Tvær kvennanna höfðu menntun umfram grunnskólapróf og hafði önnur þeirra háskólapróf en engin þeirra nýtti menntunina í starfi sínu.

### **Filippseyski rýnihópurinn**

Konurnar í þriðja rýnihópnum voru aðeins tvær. Þær áttu upphaflega að vera þrjár en ein konan treysti sér ekki í viðtalið. Konurnar voru systur á fimmtugsaldri, þær höfðu verið búsettar á Íslandi, önnur í 13 ár og hin í 15 ár og voru báðar með íslenskan ríkisborgarétt. Önnur konan var gift íslenskum manni en hin var í sambúð með íslenskum manni. Báðar konurnar höfðu háskólamenntun en hvorug þeirra nýtti menntunina í starfi sínu. Þær störfuðu báðar á sama vinnustaðnum, á öldrunarheimili, og þær höfðu báðar unnið þar í yfir 10 ár. Ástæða þess að þær fluttu til Íslands var leit að betra lífi og þær höfðu því ávallt í hyggju að setjast að á Íslandi.

### **Sýrlenski rýnihópurinn**

Fjórði og síðasti rýnihópurinn samanstóð af fjórum konum frá Sýrlandi og komu þær til Íslands á vegum flóttamannaverkefnis ásamt fjölskyldum sínum. Konurnar höfðu stöðu flóttakvenna þegar þær fengu upplýsingar um að þær væru að fara til Íslands. Þær gátu ekki valið hvert þær færu heldur var þeim úthlutað Íslandi. Ein kvennanna hafði menntun umfram grunnskólapróf; hún var kennari og hafði hún að hluta getað nýtt sína menntun í starfi sínu. Aðeins tvær kvennanna höfðu atvinnu þegar viðtalið fór fram, ein kvennanna gat ekki unnið vegna mikillar vanlíðanar og hin var í námi. Konurnar, sem höfðu atvinnu, störfuðu ekki á sama vinnustað. Ástæðan fyrir flutningi frá Sýrlandi var flótti undan stríði.

### **Hópviðtölin og greining þeirra**

Viðmælendur voru upplýstar um ferli rannsóknarinnar og hvaða tilgangi hún þjónaði. Þegar viðtölin voru skrifuð upp voru allar persónugreinanlegar upplýsingar teknar út og í lokin var þeim eytt. Í lok hvers hópviðtals var það skrifað upp og prentað út til yfirlestrar. Viðtölin voru lesin nokkrum sinnum yfir og athugasemdir skrifaðar á spássíur viðtalanna. Því næst voru viðtölin greind út frá þemagreiningu sem fól í sér að viðtölunum var skipt upp í einingar; þær einingar, sem höfðu tengingu við rannsóknarspurningarnar, var safnað saman og skipt upp í flokka eða þemu. Í framhaldinu voru einingarnar dregnar saman og skrifaður var lýsandi texti (Malterud, 2012).





## Niðurstöður

Eftirfarandi sex þemu draga fram mynd af líðan kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni og draga fram þau atriði sem myndu almennt bæta líðan þeirra og styrkt þátttöku þeirra í íslensku samfélagi. Síðasta þemað fjallar þó aðeins um flóttakonurnar, þær skáru sig frá hinum hópunum og því var gerð samantekt yfir atriði sem átti aðeins við upplifun þeirra. Í undirköflunum hér á eftir verður fjallað um hvert þema fyrir sig.

## Munurinn á milli Íslands og heimalandsins

Ein tælensku kvennanna deildi því hversu mikil viðbrigði það hefðu verið þegar hún hóf störf í fiskvinnslu á Íslandi. Í Tælandi hafði hún fengið ríkisstyrk til þess að fara í háskóla, styrknum fylgdi starf í Tælandi eftir að hún lauk námi en þegar hún kom til Íslands gat hún ekki notað menntun sína í starfi. Henni fannst skritið og erfitt að þurfa að vinna verkakvennavinnu en launin, sem hún fékk sem verkakona á Íslandi, voru mun hærrí heldur en launin sem hún fékk í Tælandi með sína menntun. Hún talaði þó um að hún væri ánægð í dag, sérstaklega þar sem samstarfsfólk hennar er mjög almennilegt og yfirmaður hennar góður. Allar tælensku konurnar voru sammála um að þeir yfirmenn, sem þær höfðu haft, væru mjög góðir. Pólsku konurnar voru því sammála og sögðu mikinn mun vera á yfirmönnum í Póllandi og á Íslandi. Þeim finnst Íslendingar eða yfirmenn á Íslandi mun afslappaðri heldur en yfirmenn í Póllandi. Ein kvennanna sagði:

*Enginn öskrar eða hrópar á fólk, enginn skammar og allt rennur einhvern veginn svona rólega.*

Filippseyksu og tælensku konurnar voru sammála um að þeirra réttindi á íslenskum vinnumarkaði væru mun betri en í heimalandinu. Önnur filippseyska konan sagðist hafa búið og starfað sem bókari og ritari hjá partasölufyrirtæki á Filippseyjum. Hún starfaði hjá fyrirtækinu í 14 ár og á þeim tíma vann hún alltaf meira en 8 tíma á dag en fékk aldrei yfirvinnu greidda. Auk þess átti hún ekki rétt á veikindaleyfi eða fæðingarorlofi. Hún, sem einstæð móðir á þessum tíma, hafði ekki tækifæri til þess að hafa dóttur sína hjá sér vegna þessara aðstæðna og bjó dóttirin því hjá foreldrum hennar. Fyrir þessa sömu konu voru það viðbrigði að fara úr skrifstofustarfi á Filippseyjum og í ræstingastarf á Íslandi. Hún hafði orð á því að hafa fundið mikið til í líkamanum, sérstaklega í bakinu, fyrst þegar hún byrjaði að vinna á Íslandi en samt sem áður voru aðstæður hennar mun betri og var hún mjög ánægð að hafa flutt frá Filippseyjum.



### Tengingin við íslenskt samfélag

Misvel hefur gengið fyrir konurnar í rýnihópunum að tengjast íslensku samfélagi. Þær konur, sem áttu íslenska maka, áttu auðveldara með að fóta sig með aðstoð frá mökum sínum og fjölskyldum þeirra. Til að mynda sagði ein tælensku kvennanna að það hefði verið mágkona hennar sem aðstoðaði hana við að finna fyrsta starfið og einnig var það eiginmaður annarrar filippseysku konunnar sem sótti um starf fyrir hana fyrst þegar hún kom til landsins. Ein tælensku kvennanna hafði líka orð á því að þegar hana vantaði upplýsingar, sem snertu íslenskt samfélag, þá væri eiginmaðurinn henni innan handar.

Það eru þó ekki aðeins tengsl við Íslendinga sem hafa reynst konunum gagnleg við að koma sér fyrir á Íslandi eins og kom fram í dæmi filippseysku systranna. Í því tilviki hafði önnur systirin komið tveimur árum fyrr með hjálp eiginmanns síns og hún aðstoðaði síðan systur sína við að koma til Íslands. Það sama átti við þegar pólsku konurnar komu til Íslands; í þeirra tilviki heyrði ein þeirra frá pólskri konu, sem var búsett á Íslandi, af því að skortur væri á starfsfólki á þáverandi vinnustað þeirra. Fyrst um sinn kom ein þeirra til landsins og aðstoðaði hún síðan hinar við að fá starf á sama vinnustað. Eftir flutninginn höfðu þær þó ekki sama bakland og konurnar sem áttu íslenska maka.

Flóttakonunum var úthlutað stuðningsfjölskyldum sem var hluti af flóttamannaverkefninu en þeim fannst samt sem áður stuðningurinn við að komast inn í íslenskt samfélagi ekki hafa verið nógu mikill frá því að þær komu til Íslands. Ein sýrlenska konan sagði frá því að í hennar fyrsta starfi, sem hún fékk í gegnum bæjarfélagið, hefði konan úr stuðningsfjölskyldu hennar starfað á sama vinnustað og hefði það verið mjög hjálplegt. Aftur á móti hafði hún þetta starf aðeins í 3 mánuði yfir sumartímamann og síðan þurfti hún sjálf að finna sér nýtt starf sem reyndist henni mjög erfitt þar sem hún hafði enga tölvukunnáttu. Konan gekk á milli vinnustaða og spurðist fyrir um atvinnu; einnig fékk hún aðstoð frá nágranna sínum sem keyrði hana á milli staða og benti henni á fyrirtæki þar sem hún gæti sótt um vinnu.



## Fordómar, óöryggi og einangrun

Flestum konunum fannst þær ekki hafa orðið fyrir fordómum í vinnunni en því miður átti það ekki við um þær allar. Ein tælensku kvennanna, sú sem hafði komið fyrir um 30 árum, hafði orðið fyrir miklu einelti í sínu fyrsta starfi. Þá var hún búsett í litlu bæjarfélagi úti á landi og var ein fárra innflytjenda í samfélaginu. Henni var strítt af samstarfsfólki og útilokuð af þeim. Hennar orð voru: *Í gamla daga þá mikið svona alveg látið mig ekki í friði, sko, stríða, einelti og alls konar, mér líður mjög illa útá landi í gamla daga.*

Hún talaði þó mjög vel um páverandi yfirmann sinn og sagði hann hafa talað ensku við sig sem hafi gert vinnuumhverfið bærilegt.

Sumar kvennanna fundu fyrir óöryggi þegar kom að því að tala íslensku á þeim tíma þegar þær höfðu ekki náð tökum á tungumálinu. Konurnar innan tælensku og pólsku rýnihópanna fannst Íslendingar sýna þeim óþolinmæði þegar þær reyndu að tala íslensku. Ein konan innan tælenska hópsins sagði frá því hvernig var að starfa á kaffihúsi við afgreiðslu: *Að tala íslensku en stundum ég skil ekki svo ég svara á ensku, gamalt fólk, sem var að koma, stundum skamma mig, af hverju ferð þú ekki að læra íslensku, af hverju talar þú ekki íslensku, ef þú talar ekki íslensku þá átt þú ekkert að vera vinna hér, ekkert að búa hér, eitthvað svoléiðis.*

Pólsku konurnar sögðust hafa reynt að tala íslensku í vinnunni en reyndin var að það tók þær tíma að setja saman setningu á íslensku en þegar þær síðan tjáðu sig skildi Íslendingurinn, sem talað var við, ekki setninguna og þess vegna forðuðust þær að nota íslensku í vinnunni.

Flestum kvennanna fannst óþægilegt þegar samstarfsfólk talaði íslensku í kringum þær og þær gátu ekki skilið um hvað var rætt. Þeim leið eins og verið væri að útiloka þær og sumar kvennanna veltu því fyrir sér hvort verið væri að baktala þær. Ein sýrlensku kvennanna tók þó fram að henni fyndist þetta ekki viljandi gert, þ.e. að hún væri ekki höfð með í samræðum í vinnunni, heldur væri það einfaldlega þannig vegna þess að hún talaði enga ensku og litla íslensku. Konurnar langaði að vera hluti af hópnum í vinnunni og þeim leið illa vegna þess að svo var ekki eins og yngsta konan í sýrlenska hópnum útskýrði vel: *Þá var erfitt, ég meina stelpurnar, sem voru að vinna með mér, þær voru ...þær voru ekki að tala við mig en þær voru ekki vondar eða neitt, sko, en það var svona óþægilegt að vera allan tímann þegjandi, sko, að tala við engan og svona.*

Tvær sýrlensku kvennanna sögðu frá því að eiginmenn þeirra höfðu lent í aðstæðum í vinnunni þar sem rasísk ummæli komu við sögu.

## Íslenskunámskeið

Öllum konunum fannst íslenskan mjög framandi fyrst þegar þær komu til landsins og bentu tælensku konurnar á að tungumálið væri mjög frábrugðið þeirra móðurmáli, þ.e. bæði hvað varðaði bókstafi og hljóð. Allar konurnar sögðu þó að til þess að taka þátt í íslensku samfélagi væri mikilvægast af öllu að læra íslensku.

Tvær pólsku kvennanna höfðu farið á tvö íslenskunámskeið, ein kvennanna hafði farið á annað þessara námskeiða en tvær þeirra höfðu ekki haft aðgang að íslenskunámskeiði síðan þær komu til Íslands einu ári áður. Á fyrra námskeiðinu var íslenskur kennari sem hafði engan grunn í pólsku og ekki var túlkur til staðar. Námskeiðið fór því fram á íslensku og ensku. Konurnar, sem sátu fyrra námskeiðið, fannst þær læra mjög lítið þar sem kunnátta þeirra í ensku var mjög takmörkuð; þær reyndu að nota orðabækur til þess að tjá sig í tímum en það gekk illa. Þrjár kvennanna sátu seinna námskeiðið og fannst þeim mikið gagn vera af því þar sem kennarinn talaði pólsku og gat útskýrt fyrir þeim án erfiðleika. Íslenskukunnátta kvennanna var þó enn lítil þegar viðtölin fóru fram en þeim fannst þær skilja mun meira en þær geta talað. Til dæmis fannst þeim þær skilja grunnatriði sem voru rædd í vinnunni. Þær tóku þó líka fram að til þess að læra íslensku þyrfti að sitja heima og læra en þær sögðust ekki hafa verið nógu duglegar við það.

Allar tælensku konurnar höfðu farið á íslenskunámskeið. Fjöldi námskeiðanna kom þó ekki fram en kennt var á íslensku og ensku. Ein þeirra talaði um að henni fyndist fyrirkomulag námskeiðanna vera í lagi fyrir þá sem hefðu smávegis grunn í íslensku og hefðu enskukunnáttu en hún sagði þó að fengi fólk útskýringar á sínu móðurmáli, sérstaklega á fyrsta námskeiðinu, væri mikill kostur. Þessi sama kona hafði mjög góða enskukunnáttu en hún hafði lært ensku í háskóla í Tælandi. Íslenskukunnátta tælensku konunnar, sem hafði verið búsett á Íslandi í um 30 ár, var mjög góð en hinar tvær í hópnum voru aðeins komnar með ákveðinn grunn í íslensku. Konurnar áttu allar íslenska maka sem aðstoðuðu þær við að læra íslensku en það var erfiðara fyrir þær að æfa íslenskuna í starfi sínu við fiskvinnslu enda voru þær oftast með heyrnartól og hlustuðu á tónlist í vinnutímanum fyrir utan pásurnar. Ein þeirra hafði þó orð á því að hafa getað æft

Íslenskuna þegar hún starfaði á kaffihúsi: *Í kaffihúsi, sem ég var þá, æfa að tala daglega sem ég heyrði íslensku. Það var mjög gott fyrir að æfa mig í íslensku en núna á [núverandi vinnustaður] það þarf ekki, bara að vinna.*

Tælsku konurnar bentu á að hægt væri að læra íslensku alls staðar, til dæmis með því að horfa á sjónvarpið eða hlusta á útvarpið. Einnig langaði þær að sitja fleiri námskeið en það gæti verið mjög erfitt, þegar er mikið að gera hjá þeim, og þyrfti því að finna góðan tíma til þess að þær gætu einbeitt sér að náminu.

Filippseysku konurnar áttu einnig íslenska maka sem aðstoðuðu þær við að læra íslensku og þær höfðu farið á tvö íslenskunámskeið. Önnur konan sagði frá því að þegar hún kom fyrst til Íslands hafi hún lært íslensku heima með því að nota kennslugeisladisk sem var á íslensku og ensku. Þær myndu vilja fara á fleiri íslenskunámskeið en þau eru haldin í nálægu bæjarfélagi að kvöldi til og þær sögðust einfaldlega ekki hafa orku til þess að fara og sitja námskeiðin sem voru í boði. Aftur á móti lærðu þær ný íslensk orð í starfi sínu, önnur konan sagði að þegar hún heyrði ný orð í vinnunni skrifaði hún þau niður svo að hún gleymdi þeim ekki. Þær töluðu báðar góða íslensku og viðtalið fór því að mestu fram á íslensku. Þær höfðu báðar öðlast íslenskan ríkisborgararétt en þegar þær sóttu um hann þurftu þær að sýna fram á góða íslenskukunnáttu og gera grein fyrir að þær hefðu fengið ákveðinn fjölda íslenskutíma.

Sýrlensku konurnar höfðu allar farið á tvö íslenskunámskeið. Fyrri námskeiðið var haldið sérstaklega fyrir konurnar og fjölskyldur þeirra og var þá túlkur á staðnum. Aftur á móti á seinna námskeiðinu voru þær ásamt fólki af öðru þjóðerni og fór námskeiðið því fram á íslensku og ensku. Ein kvennanna lýsti upplifun sinni á eftirfarandi hátt: *En númer tvö var bara íslensk, sem sagt, þau tala rosalega hratt, það var fleiri útlendingar sem kunna ensku og þá það var útskýrt eitthvað á ensku og við skiljum ekki.*

Konurnar höfðu engan grunn í ensku og litla kunnáttu í íslensku. Þeim fannst þær því ekki ná að læra neitt á seinna námskeiðinu. Íslenskukunnátta kvennanna var nokkuð góð en þeim fannst þær samt eiga erfitt með að skilja, eins og til dæmis þegar útskýrt var hvað þurfi að gera í vinnunni. Þær höfðu að einhverju leyti náð að æfa íslenskuna í vinnunni en þær töluðu líka um að hafa lært íslensku af börnunum sínum.

## Aukin tækifæri eftir að hafa lært íslensku

Konurnar, sem töluðu góða íslensku þegar viðtölin áttu sér stað, greindu frá hversu jákvæð áhrif það hefði haft á líf þeirra þegar þær hefðu náð tökum á tungumálinu. Önnur konan frá Filippseyjum sagði frá því að hún hefði fyrst starfað við ræstingar hjá öldrunarheimili en hana langaði að færa sig til og vinna í eldhúsinu. Fyrst um sinn gat hún það ekki en eftir að hún hafði lært íslensku varð það möguleiki. Þegar viðtalið var tekið starfaði hún í eldhúsinu en starfseiningin hafði einnig umsjón með sjoppu þar sem hún gat átt í frekari samskiptum við fólk. Starfið bauð því upp á að hún æfði sig enn frekar í íslensku.

Tælska konan, sem hafði verið búsett á Íslandi í 30 ár, sagði að mikil breyting hefði orðið í hennar lífi eftir að hún náði tökum á íslenskunni. Fyrst eftir að hún flutti til Íslands varð hún fyrir miklu einelti en þegar viðtalið var tekið var hún trúnaðarmaður á sínum vinnustað og starfaði einnig sem öryggisfulltrúi sem meðal annars vann gegn einelti á vinnustaðnum. Til þess að geta gegnt þessum hlutverkum þurfti hún að sitja fundi sem fóru fram á íslensku.

Önnur kona í tælska rýnihópnum, sú sem hafði háskólamenntun í ensku frá Tælandi, sá fyrir sér að taka að sér tungumálakennslu í framtíðinni þegar hún hefði náð tökum á íslenskunni; jafnframt langaði hana til að sinna starfi fyrir stéttarfélagin eins og að vera trúnaðarmaður. Hún hafði þetta að segja um sína upplifun af Íslandi: *Mér finnst Ísland öruggt, það er gott að búa hér, það er gott að læra eitthvað hér ... ég á að búa hér áfram, já, í framtíðinni, tækifæri að læra íslensku, bæta meira íslensku til að búa hér og finna betra líf, í framtíðinni.*

## Stéttarfélagin

Sýrlensku konurnar höfðu enga þekkingu á starfsemi stéttarféлага á Íslandi þegar viðtalið átti sér stað. Þess í stað nýttu þær tækifærið og túlkinn til þess að spyrja starfsfólk stéttarfélagans hvaða aðstoð það gæti veitt þeim. Þó kom fram hjá starfsmanni stéttarfélagans að yngsta kona sýrlenska rýnihópsins og eiginmaður hennar hefðu komið á skrifstofu þess en ekki kom fram hvers vegna þau hefðu leitað til stéttarfélagans.

Allar konurnar í hinum rýnihópnum sögðust vera ánægðar með viðmót starfsfólks stéttarfélaganna og flestar höfðu nýtt sér einhverja þjónustu sem stéttarfélagin voru með í boði fyrir félagsmenn sína. Sú þjónusta, sem þær höfðu fyrst og fremst nálgast hjá stéttarfélagunum, voru endurgreiðslur vegna íslensku-

námskeiða og ökutíma, þær leituðu sér upplýsinga um orlof og sumar höfðu leigt sumarbústað í eigu stéttarfélagans.

Filippseysku konurnar sögðust skoða fréttablað síns stéttarfélags, þ.e. þær renndu í gegnum það og lásu fréttir um þeirra bæjarfélag og fréttir sem fjölluðu um filippseyska einstaklinga. Fréttablaðið var aðeins á íslensku og þær töldu að það væri kostur ef blaðið kæmi einnig út á öðru tungumáli. Fréttablað stéttarfélags pólsku kvennanna kom út á íslensku, ensku og pólsku; ekki var allur textinn þýddur á milli tungumálanna en pólsku konunum fannst það ekki skipta máli og þær lásu pólska hluta blaðsins, þar lásu þær um þá þjónustu sem stéttarfélagið þeirra bauð upp á. Ein tælensku kvennanna greindi frá því að hún nýtti fréttablað síns stéttarfélags til þess að æfa sig í íslensku og aðstoðaði eiginmaðurinn hana við þá iðju.

Flestar pólsku kvennanna höfðu orð á því að þær nýttu sér heimasíðu síns stéttarfélags til þess að leita sér upplýsinga um starfsréttindi. Heimasíðan var á pólsku sem auðveldaði þeim til muna að nálgast upplýsingarnar sem þær leituðu að. Tælensku konurnar aftur á móti fengu aðstoð frá eiginmönnum sínum til þess að leita að upplýsingum sem þessum.

Í lok viðtalsins við pólsku konurnar var útdeilt litlum bæklingi frá þeirra stéttarfélagi sem hafði verið prentaður á íslensku, ensku og pólsku. Konurnar voru allar mjög áhugasamar og byrjuðu strax að skoða hann. Þær töldu mjög líklegt að þær myndu skoða bæklinga sem þessa ef þeir væru á pólsku.

### **Trúnaðarmenn stéttarfélaganna**

Tvær pólsku kvennanna, sem höfðu verið á Íslandi í fimm ár eða lengur, höfðu lítið að segja um fyrri trúnaðarmanninn en allar konurnar sögðust treysta núverandi trúnaðarmanni. Hann hefði sýnt þeim áhuga og verið til staðar þegar þær hefðu þurft á að halda, jafnvel varðandi hluti, sem voru óviðkomandi vinnunni, eins og að útskýra hitaveitu- og rafmagnsreikninga, aðstoða við leit að húsnæði o.fl.

Ein tælensku kvennanna hafði nýlega tekið við því hlutverki að vera trúnaðarmaður á sínum vinnustað. Trúnaðarmaðurinn, sem gegndi þessu hlutverki á undan henni, hafði ekki verið einstaklingur sem henni fannst hún geta leitað til en þess í stað leitaði hún til verkstjórans ef eitthvað vandamál kom upp.

Pólsku konurnar sögðust ekki treysta sér til þess að gegna hlutverki fyrir hönd stéttarfélagsins eins og að gerast trúnaðarmenn. Þær sögðu helstu ástæðuna fyrir því vera að þær hefði ekki enn náð tókum á tungumálinu. Einnig bættu þær við að til þess að velja slíkum möguleikum fyrir sér þyrfti að horfa lengra til framtíðar en þær höfðu allar ákveðið að vera á Íslandi aðeins í afmarkaðan tíma.

Enginn trúnaðarmaður hafði gefið sig á tal við sýrlensku konurnar á þeim vinnustöðum þar sem þær hafa starfað.

### **Flóttakonur**

Allar konurnar í sýrlenska rýnihópnum töluðu um að finna fyrir andlegri vanlíðan sem gerði það að verkum að erfiðara var fyrir þær að ná að fóta sig á íslenskum vinnumarkaði. Aðspurðar, hvort þær hefðu fengið sálfræðiaðstoð eftir komuna til Íslands, var svarið að aðeins hluti kvennanna hefði farið annaðhvort í eitt eða tvö skipti til sálfræðings en jafnframt tóku þær fram að fleiri tímar væru væntanlegir. Ekki kom fram hvort túlkur yrði til staðar.

Konunum fannst mjög erfitt að átta sig á og takast á við það misræmi sem var milli upplýsinganna sem þær fengu annars vegar fyrir komuna til Íslands og hins vegar þeirrar aðstoðar sem þær síðan fengu á Íslandi. Þær fengu almennar upplýsingar um Ísland sem reyndust ekki vera í samræmi við raunveruleikann; átti það sérstaklega við um skattheimtuna. Þær höfðu fengið upplýsingar um að hluti launa þeirra rynni til ríkisins í formi skatts en þeim brá þegar þær áttuðu sig á að næstum helmingur launa þeirra var dreginn af þeim. Auk þess fengu konurnar þær upplýsingar að þær myndu fá aðstoð og stuðning í eitt ár við að átta sig á sínu nýja umhverfi. Sem dæmi má nefna að konurnar áttu ekki að fara út á vinnumarkaðinn í eitt ár en hluti þeirra hóf störf aðeins þremur mánuðum eftir komuna til Íslands. Ein konan lýsti þessu á eftirfarandi hátt:

*Það var sagt við okkur í... að þetta mun vera eitt ár sem við munum vera án vinnu og án að borga húsaleigu en það var svona sjokk sem sagt að við þurftum að fara strax að vinna eftir þrjá mánuði og líka borga húsaleigu og allt þetta dót.*



Konurnar héldu að þær myndu fá tíma til þess að ná áttum og koma sér fyrir. Þær höfðu verið undir miklu álagi áður en þær komu til Íslands og þær héldu að þær gætu aðeins slakað á eftir komuna til Íslands en þeim fannst síðan ekki vera neitt lát á pressunni sem þær voru undir. Það var samt sem áður misræmi í frásögnum kvennanna, þ.e. hvort þær hefðu þurft að standa á eigin fótum eftir þrjú mánuði eða sex mánuði. Ein konan talaði einnig um að hún greiddi ekki fyrir leikskólaláss en senn færi þessu eina ári að ljúka frá komu þeirra til Íslands og því þyrfti hún að fara að greiða fyrir leikskólalássid. Konan tók líka fram að hún hefði engin ráð til þess að greiða fyrir leikskólalássid.

Það angraði konurnar að sama þjónustan var ekki í boði fyrir allt flóttafólk á Íslandi heldur valt það á hverju sveitarfélagi fyrir sig hvaða þjónusta var í boði. Til að mynda höfðu þær heyrt af flóttafólki sem var búsett á höfuðborgarsvæðinu og hafði haft aðgang að íslenskunámskeiðum undanfarin þrjú ár sem voru niðurgreidd af félagsþjónustunni.

Allar konurnar sögðust mjög þakklátar Íslendingum fyrir að bjóða þær velkomnar en eins og staðan væri í dag þá liði þeim eins og þær hefðu farið úr einum slæmum aðstæðum í aðrar slæmar aðstæður. Þær voru þannig sammála því að Ísland væri öruggt land en tvær kvennanna sáu fram á að vera heimilislausar um áramótin þar sem eigandi hússins, sem þær bjuggu í, hafði selt húsið. Þriðja konan talaði einnig um að eigandi íbúðarinnar, þar sem hún bjó, vildi fá íbúðina aftur þannig að hún og fjölskylda hennar þyrftu að finna sér annað húsnæði. Þær höfðu leitað til félagsþjónustunnar um aðstoð en svörin, sem þær hefðu fengið frá þeim, væru þau að þær hefðu lært íslensku og gætu því fundið sér nýtt húsnæði sjálfar. Staðreyndin var aftur á móti sú að íslenskukunnátta þeirra var takmörkuð og þær höfðu enga tölvukunnáttu sem gerði þeim mjög erfitt fyrir að leita sér að nýju húsnæði. Jafnframt höfðu þær átt mjög erfitt með að standa skil á daglegum útgjöldum fjölskyldunnar á þeim bótum eða launum sem hún hafði til ráðstöfunar á mánuði.

Takmörkuð tölvukunnátta hafði aftrað öllum konunum, til dæmis höfðu þær ekki þekkingu til þess að greiða reikningana sína í heimabankanum. Konurnar sátu 16 tíma tölvunámskeið eftir að þær komu til Íslands en þeim fannst það alls ekki vera nóg.

Í heildina þá fannst sýrlensku konunum þær ekki hafa náð að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi út frá þeim stuðningi sem þeim hafði verið veittur síðan þær komu til Íslands. Þær voru hræddar við hvað yrði um þær og fjölskyldur þeirra þegar þessu eina ári lyki.



## Umræður og lokaorð

Upphaflega kveikjan að þessu rannsóknarverkefni var „#églika“-byltingin. Helsta áherslan í verkefninu var að athuga hvort stéttarfélögin á Íslandi gætu stutt betur konur af erlendum uppruna og styrkt þar með þátttöku þeirra á vinnumarkaðnum. Vegna þessarar áherslu var ekki talin þörf á að hafa eitt af viðmiðum rýnihópanna að konurnar hefðu orðið fyrir brotum á vinnumarkaðnum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru unnar út frá hópviðtölum við erlendar konur en niðurstöðurnar gagnast þó innflytjendum af báðum kynjum. Jafnframt væri áhugavert til viðmiðunar að framkvæma sömu rannsókn fyrir karlmenn af erlendum uppruna.

Út frá niðurstöðum íslenskra rannsókna, sem fjalla um innflytjendur á Íslandi, er mikilvægast fyrir innflytjendur að læra íslensku til þess að ná að verða fullgildir þátttakendur í íslensku samfélagi. Þessi rannsókn styður fyrri niðurstöður og bendir jafnframt á mikilvægi íslenskukennslunnar. Konurnar í pólska rýnihópnum og í sýrlenska rýnihópnum töluðu sérstaklega um mikilvægi þess að kennslan færi fram á móðurmáli innflytjenda. Konurnar höfðu setið námskeið þar sem þær fengu útskýringar á sínu móðurmáli og þeim fannst þær ná að læra íslensku á þeim námskeiðum. Til viðmiðunar höfðu þær einnig setið námskeið þar sem kennslan fór fram á íslensku og ensku en vegna lélegrar eða engrar enskukunnáttu og takmarkaðrar íslenskukunnáttu fannst þeim þær ekkert hafa lært á þeim námskeiðum. Stéttarfélögin niðurgreiða íslenskunámskeið fyrir sína félagsmenn í þeim tilgangi að styrkja innflytjendur í að verða fullgildir þátttakendur í íslensku samfélagi en samkvæmt ofangreindum niðurstöðum skila þessi námskeið ekki tilætluðum árangri og þarfnast fyrirkomulag þeirra endurskoðunar. Í einu hópviðtölinu kom fram að túlkabjónusta býðst í gegnum samskiptaforritið Skype. Möguleikinn er því fyrir hendi að nýta þá tækni, sem er til staðar í dag, til þess að nálgast hóp innflytjenda, sem tala sama tungumál, á mismunandi stöðum á landinu. Einnig kom fram á formannafundi Starfsgreinasambandsins, þegar frumniðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar, að sumir þjóðernishópar tala litla sem enga ensku við komuna til Íslands. Þessir hópar hafa meiri þörf fyrir íslenskunámskeið sem eru kennd á þeirra móðurmáli.

Konurnar höfðu fótáð sig misvel í íslensku samfélagi og sýndu niðurstöðurnar að konurnar, sem áttu íslenska maka, áttu auðveldar uppdráttar en hinar. Tælensku og filippseysku konurnar sögðu frá því hvernig þær hefðu fengið aðstoð við að læra íslensku og að þær hefðu fengið aðstoð frá íslenskum fjölskyldum sínum við að taka almennt þátt í íslensku samfélagi. Pólsku konurnar, sem þekktu engan Íslending fyrst þegar þær fluttu til Íslands, leituðu oft til trúnaðarmannsins í vinnunni, m.a. vegna almennra atriða, sem voru ekki vinnutengd, þar sem þær báru mikið traust til hans. Trúnaðarmaðurinn er tengiliður félagsmanna við stéttarfélagið hvað varðar upplýsingar og aðstoð sem stéttarfélagið veitir sínum félagsmönnum; mikilvægi hans er því mikið. Því miður hafði enginn trúnaðarmaður kynnt sig fyrir sýrlensku konunum á þeim vinnustöðum sem þær höfðu starfað á. Auk þess hafði ein tælensku kvennanna orð á því að bera ekki traust til fyrrverandi trúnaðarmanns og vildi hún því ekki leita til hans með vandamál heldur fór hún frekar til verkstjórans í vinnunni ef eitthvað kom upp á. Stéttarfélög mega ekki skipta sér af kosningu trúnaðarmanns en vert er að skoða hvort stéttarfélögin geti sett fram einhverjar lágmarkskröfur sem trúnaðarmenn þurfa að uppfylla í ljósi mikilvægis þessa hlutverks. Þá er vert að stéttarfélögin athugi hvort hægt sé að aðstoða félagsmenn betur með þætti, sem snúa að öðru en vinnunni, til að minnka álag á trúnaðarmenn varðandi atriði eins og að finna íbúð, greiða reikninga og eiga í samskiptum við opinberar stofnanir.

Allar konurnar í rýnihópunum sammæltust um að gott væri að búa á Íslandi en konurnar í tælenska og filippseyska rýnihópnum, sem höfðu tekið þá ákvörðun að flytja til Íslands í þeim tilgangi að búa sér betra líf, voru ánægðari en hinar með að hafa komið til Íslands. Sýrlensku konunum var úthlutað Íslandi en þær völdu ekki að flytja hingað og þótt þær væru að reyna að fóta sig í íslensku samfélagi þá hefur það verið þeim mjög erfitt. Samkvæmt rannsókn Unnar Dísar Skaptadóttur og Erlu S. Kristjánsdóttur (2017) um flóttakonur á Íslandi er eitt ár ekki nógu langur tími fyrir fjölskyldur, sem koma frá stríðshrjáðum löndum, til að fóta sig í nýju samfélagi. Er þetta í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar. Sýrlensku konunum fannst þær ekki hafa náð að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og nú (haustið 2018) fer þessu eina ári, sem þær hafa haft til þess að „aðlagast“, að ljúka. Til að mynda er tölvukunnátta lykkillinn að því að geta notið þeirra úrræða sem íslenskt samfélagið hefur upp á að bjóða en konurnar höfðu mjög takmarkaða tölvukunnáttu sem gerði þeim mjög erfitt fyrir. Má þar sérstaklega nefna að þær vissu ekki hvernig þær ættu að hefjast handa við að leita sér að nýju húsnæði en þrjár konur af fjórum þurfa – þegar þetta er skrifað – bráðlega að flytja úr núverandi húsnæði. Athuga þyrfti möguleika þess að samtvinna íslenskunámskeið og tölvunámskeið eða a.m.k. gera innflytjendum, sem hafa litla tölvukunnáttu, kleift að nálgast kennsluna á auðveldan hátt.

Auk ofanritaðs sýndu niðurstöður að sumt var ábótavant í fyrirkomulagi flóttamannaverkefnisins en samkvæmt áliti sýrlensku kvennanna var þjónustustig verkefna mismunandi eftir bæjarfélögum og í þeirra tilvikum höfðu þær til dæmis litla vitneskju um stéttarfélög. Tryggja þarf að flóttafólk fái lágmarksupplýsingar um þá þjónustu sem það getur nálgast hjá stéttarfélagi sínu og að það sé upplýst um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.

Ísland í dag er fjölmenningsamfélag eins og tölur Hagstofunnar benda til en vinnandi fólk af erlendum uppruna í janúar á þessu ári var 17,2% af öllu vinnandi fólki á Íslandi. Einnig hafa íslenskar rannsóknir sýnt – og þessi rannsókn staðfestir enn frekar – að innflytjendur koma til Íslands í þeim tilgangi að setjast að hér á landi. Vegna þessa nýja samfélagsmunsturs, sem hefur þróast á Íslandi undanfarin 20 ár, er mælt með að stéttarfélögin hafi heimasíður sínar og fréttablöð á a.m.k. tveimur tungumálum. Þýðingar geta þó verið kostnaðarsamar en með samstarfi á milli stéttarfélaganna er sá möguleiki fyrir hendi að deila þeim kostnaði, eins og t.d. vegna þýðinga á helstu atriðum úr gildandi kjarasamningum.

## Heimildaskrá

- Cobb, S. og Horeck, T. (2018). Post Weinstein: Gendered power and harassment in the media industries. *Feminist Media Studies*, 18(3), 489. doi:10.1080/14680777.2018.1456155
- Fielden, S., Davidson, M., Woolnough, H. og Hunt, C. (2010). A model of racialized sexual harassment of women in the UK workplace. *Sex Roles*, 62(1), 20–34. doi:10.1007/s11199-009-9715-4
- Hagstofa Íslands. (2018). Fjöldi starfandi samkvæmt skráum eftir mánuðum, kyni, aldri og uppruna 2005–2018. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_vinumarkadur\\_vinnuafskraargogn/VIN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=206e73bd-9135-4869-af6d-057b97494c86](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_vinumarkadur_vinnuafskraargogn/VIN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=206e73bd-9135-4869-af6d-057b97494c86)
- Kantor, J. og Twohey, M. (2017, 5. október). Harvey Weinstein paid off sexual harassment accusers for decades. *The New York Times*. Sótt af <https://www.nytimes.com/2017/10/05/us/harvey-weinstein-harassment-allegations.html>
- Kensbock, S., Bailey, J., Jennings, G. og Patiar, A. (2015). Sexual harassment of women working as room attendants within 5-star hotels. *Gender Work and Organization*, 22(1), 36–50. doi:10.1111/gwao.12064
- Malterud, K. (2012). Systematic text condensation: A strategy for qualitative analysis. *Scandinavian Journal of Public Health*, 40(8), 795–805. doi:10.1177/1403494812465030
- McDonald, P. (2012). Workplace sexual harassment 30 years on: A review of the literature. *International Journal of Management Reviews*, 14(1), 1–17. doi:10.1111/j.1468-2370.2011.00300.x
- Ritstjórn Kjarnans. (2018, 25. janúar). #Metoo áskorun kvenna af erlendum uppruna á íslensku og ensku. *Kjarninn*. Sótt af <https://kjarninn.is/frettir/2018-01-24-metoo-askorun-kvenna-af-erlendum-uppruna-islensku-og-ensku/>
- Ríkissáttarsemjari. Samsetning vinnumarkaðar í heild. Sótt af <https://rikissattasemjari.is/vinumarkadurinn/samsetning-vinumarkadar/>
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (2. útgáfa, bls. 299–312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir. (2017). „Stundum finnst mér þeir horfa á mig eins og ég sé geimvera“: Upplifun flóttakvenna í litlu bæjarfélagi á Íslandi. *Íslenska Þjóðfélagið*, 8(1), 67–80. Sótt af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/111>
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2010). Integration and transnational practices of Filipinos in Iceland. *E-Migrinter*, 5, 36–45. Sótt af [http://www.academia.edu/233159/Integration\\_and\\_transnational\\_practices\\_of\\_Filipinos\\_in\\_Iceland](http://www.academia.edu/233159/Integration_and_transnational_practices_of_Filipinos_in_Iceland)
- Þorgerður Einarsdóttir, Tamar M. Heijstra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2018). The politics of diversity: Social and political integration of immigrants in Iceland. *Icelandic Review of Politics and Administration*, 14(1), 131–148. doi:10.13177/irpa.a.2018.14.1.6
- Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir. (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska Þjóðfélagið*, 7(1), 5–22. Sótt af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/90/70>



**Starfsgreinasamband  
Íslands**

STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS | GUÐRÚNARTÚNI 1 | 105 REYKJAVÍK  
SÍMI: 562 6410 | SGS@SGS.IS | WWW.SGS.IS